

# Reglugjörð

82

7. ágúst

## um úthlutun og sölu steinolíu.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurlálfuófriðnum, er hjermeð fyrirskipað, að nefndir þær sem getur um í reglugjörðum 21. og 26. apríl 1917, skuli og hafa á hendi eftirlit með því, að steinolíu, sem berst til umdæma nefndanna, verði skift niður eftir þörfum í umdæminu, og ber kaubmönnum og öðrum, sem hafa keypt steinolíu af innflytjendum, að hlýða fyrirmælum nefndanna um úthlutun og sölu oliunnar. Hinsvegar verða innflytjendur að hlíta ákvörðun landsstjórnarinnar um skifting á innfluttri steinolíu milli umdæmanna.

Öll þau ákvæði tjeðra reglugjörða, sem við eiga, þar á meðal viðurlög fyrir brot, gilda í þessu efni.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. ágúst 1917.

**Sigurður Jónsson.**

---

Jón Hermannsson.